



2019-2020

Náms- og kennsluáætlun

4. bekkjar





Efnisyfirlit

Íslenska.....	3
Stærðfræði	6
Enska	10
Samfélagsfræði.....	12
Náttúrufræði	14
Heimilisfræði.....	16
Myndmennt	18
Textílmennt	21
Smíðar	23
Íþróttir.....	25
Sund.....	28
Upplýsingatækni.....	31
Lífsleikni	33



Íslenska

Tímafjöldi á viku: 8

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Meginmarkmið lestrarkennslu er að nemendur nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að kenna nemendum, sem hafa ólíka færni í lestri, hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingþörfum er mætt. Unnið er mikið með samþættingu við aðrar námsgreinar í íslensku.

Sérstök áhersla er lögð á að auka færni nemenda í öllum þáttum lestrar þ.e. lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.

Hafa skal í huga að nám í móðurmáli er heildstætt og hver þáttur námsins styður hvern annan.

Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">Rætt er við nemendur um mikilvægi heilbrigðis og velferðar í gegnum texta. Notast er við þau tækifæri sem upp koma til þess að efla þá hugsun. Áhersla á hollt og gott mataræði og hreyfingu.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Fjallað um og unnið með jafnrétti og réttlæti. Nemendur fá að velja lestrarbækur og bækur á bókasafni.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">Þema tengt samfélagsfræði þar sem unnið er með land og þjóð og hvað það þýðir að búa í lýðræðissamfélagi. Nemendur eru hvattir til að vera virkir og taka þátt í umræðum í bekknum.



Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Unnið og rætt um læsi í víðum skilningi, lesskilningur þjálfaður, nemendur þjálfast í myndlæsi og orðaforði þjálfaður út frá myndum.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Efni tengt samfélags- og náttúrufræði. Fjallað er um endurvinnslu, flokkun og umhverfið. Unnin verkefni í tengslum við grænfána.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Ýmis verkefni unnin og sett upp á skapandi hátt.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Talað mál, hlustun og áhorf. Lestur og bókmenntir. Ritun. Málfræði.	Unnið með ýmsa gæðatexta, bækur, ljóð og söngva. Ýmsar léttlestrarbækur og aðrar þyngri bækur af bókasafni skólans. Ýmsar vinnubækur t.d. Ritrún 1, 2 og 3, lestrar- og vinnubækur, sín ögnin af hverju. Fjölritað námsefni sem miðast við alla undirþætti lesturs ásamt öðru aðlöguðu námsefni. Forskriftarbækur, skrift og blöð.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði• geti hlustað og horft með athygli á upplestur og leikið efni og greint frá upplifun sinni• beiti aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr• geti valið sér lesefni eftir áhuga og lestrargetu og lesið sér til ánægju og skilnings• þekki uppbyggingu texta og nýti í ritun þá þekkingu, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag• geti beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska• geti raðað í stafrófsröð, þekki nafnorð, sagnorð og lýsingarorð, geti fundið kyn og tölu, þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum. Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla.	Hraðapróf í lestri. Stöðumat í lestri, stafsetningu, málfræði og skrift.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Metið er jafnt og þétt yfir veturinn. Rætt er við nemendur um lestur til að ná fram skoðunum þeirra á faginu, áhuga og til að meta skilning á ákveðnum viðfangsefnum. Leshraði nemenda mældur. Framfarir metnar, sem og þróun nemenda í lestri og ritun.



Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 5

Kennari: Karen Ósk Kristjánsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna til að auka gæði námsins s.s. leitaraðferðir, einstaklingsvinnu, þrautalausnir, verklega kennslu, námsleiki, útikennslu, hlutbundna vinnu og hjálpargögn. Nýir námpættir eru kynntir og kenndir yfir hópinn í byrjun og svo er farið yfir í einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópum ef þarf. Lögð er áhersla á endurtekningu og mikla þjálfun nemenda í hverju viðfangsefni fyrir sig. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðhorf til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræðinámi svo og samræður við aðra nemendur um stærðfræðihugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra.

Útbúin er áætlun fyrir hvora önn fyrir sig sem nemendur vinna eftir. Nemendur geta því sjálfir dreift álagi milli kennslustunda enda vita þeir til hvers er ætlast af þeim í hverri viku. Ekki verður um eiginlega heimavinnu í stærðfræði að ræða nema þegar nemendur nýta ekki tímann í skólanum til vinnu þá verður gerð sú krafa að nemendur vinni heima svo þeir dragist ekki aftur úr. Einnig verður gerð sú krafa að ef nemendur veikjast eða fara í leyfi verði þeir að vinna það upp og þá gæti orðið heimavinna.



Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Verkefni valin með velferð nemenda í huga.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir í hóp eða bekk þegar við á. Mikilvægt er að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Talnalæsi, fjármálalæsi, þjálfun í læsi á stærðfræðilegum hugtökum og nemendur fá þjálfun í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum. Nemendur læra að lesa stærðfræðileg tákni þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin. Nemendur læra einnig að lesa tölfræðigögn.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfa nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um t.d. neyslu og að huga að eigin velferð og annarra. Leitast verður við að skapa vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Verkefni unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Í stærðfræðivinnu eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig s.s. teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit. Unnin verða skapandi verkefni í hópvinnu á Degi stærðfræðinnar. Hlutbundin nálgun í hávegum höfð og ýtt undir skapandi hugsun nemenda eins og kostur er.



Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Stærðfræði og tungumál, tölur og talnaskilningur, reikniaðgerðir, algebra og mynstur, rúmfræði og mælingar, tölfræði og flokkun.	Sproti 4a og 4b, nemenda og æfingahefti, stærðfræðibækur og vinnublöð frá kennara.	Nemendur eiga að geta <ul style="list-style-type: none">• unnið einir og í samvinnu við aðra að því að<ul style="list-style-type: none">○ rannsaka○ greina○ túlka○ setja fram tilgátur○ finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast samfélagi og umhverfi með fjölbreyttum aðferðum○ kynna niðurstöður sínar○ lesa og leggja mat á einfaldan stærðfræðitexta• skráð fjölda og reiknað með náttúrulegum tölum• tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga• skráð svör sín með tugakerfisrithætti• kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt• leyst einfaldar jöfnur• notað og rannsakað hugtök úr rúmfræði,• unnið með rúmfræðilegar færslur• búið til líkön og teiknað skýringarmyndir• áætlað og mæl ólíka mælieiginleika með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum• gert rannsóknir á umhverfi sínu,• unnið og lesið úr niðurstöðum sínum	Símat, leiðsagnarmat og kaflapróf.



		<ul style="list-style-type: none">• sett upp einföld myndrit• tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun, tilviljanir og líkur• gert einfaldar tilraunir með líkur	
--	--	---	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Kaflakannanir eru við lok hvers kafla. Tilgangur þeirra er að leiðbeina nemendum við námið. Kaflakannanir eru nýttar til að meta hvað þarf að fara betur yfir og hjálpa nemendum að bæta sig. Vinnubrögð, hæfni og framfarir nemenda eru metin reglulega yfir veturinn. Lokapróf eru tekin í lok hvorrar annar og nemendur fá í framhaldi af því vitnisburð sem inniheldur annareinkunn og prófseinkunn eða umsögn eftir því í hvaða bekk þeir eru. Prófseinkunn er útkoman úr lokprófinu en annareinkunn stendur saman af útkomum í kaflakönnunum, vinnueinkunn og vinnubók.
- ✓ Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu þar sem kennurum, foreldrum og nemendum gefst kostur á að ræða námsframvinduna.



Enska

Tímafjöldi á viku: 1

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Lögð áhersla á að efla orðaforðann með ýmsum fjölbreyttum verkefnum. Nemendur vinna verkefni ein eða saman, munnlega og/eða skriflega. Þeir hlusta líka á talað mál og fá tækifæri til að vinna verkefni á tölvum.

Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og vönduð vinnubrögð.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Allir fá að taka virkan þátt í náminu með því að tjá sig á sínum forsendum. Nemendur þjálfast í að hlusta á alla í bekknum tjá sig á ensku þar sem áhersla er lögð á talað mál og hlustun.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Verkefni unnin í hópvinnu þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Réttindi allra til að tjá sig og koma með hugmyndir.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Valdir verða ýmsir miðlar og lesnir mjög einfaldir textar til að þjálfra læsi og auka orðaforða í ensku.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að nemendur fái að uppgötva og njóta þess að læra nýtt tungumál.

Áætlun



<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Hlustun, lestur og lesskilningur er hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.	Orðasjóður, Let's learn and play. Efni frá kennara.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• skilji það sem fram fer, bæði í tali kennara og samnemenda• skilji einfalt mál sem tengist nánasta umhverfi• skilji meginþráð í stuttri sögu eða frásögn• geti tekið þátt í einföldum samtölum og sagt frá sjálfum sér• geti byrjað og endað samtal á einfaldan hátt• geti gefið einfaldar lýsingar t.d. á fólki• geti stafsett algeng orð t.d. með hjálp leiðréttingarforrits.	Umsagnir.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áráðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Stutt kaflapróf, munnleg og/eða skrifleg. Skrifleg próf í lok hvorrar annar. Annareinkunn reiknast sem 50% prófseinkunn og 50% verkefnavinna.



Samfélagsfræði

Tímafjöldi á viku: 3

Kennari: Karen Ósk Kristjánsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Á fyrri önninni verður unnið með fordóma og þröngsýni og á seinni önninni kynnumst við nærsamfélaginu.

Mikið verður um umræður og hópvinnu en einnig munu nemendur þurfa að vinna einstaklingsverkefni.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsfræði

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">Líkamsvitund og heilbrigði. Með hópvinnu eflist samkennd milli nemenda og munum við vinna að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan þeirra.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">Allir eiga sama rétt, einn heimur fyrir alla. Í hópvinnu fer fram umræða og getur skilningur nemenda á viðhorfum og skoðunum annarra þannig aukist, þeir læra einnig að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Áhersla lögð á að skapa samábyrgt samfélag í bekk, með lýðræðislegum vinnubrögðum.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum og í hópum læra þeir lýðræðisleg vinnubrögð við gerð verkefna og framsetningu þeirra.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">Nemendur lesa fræðitexta.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">Í samfélagsgreinum læra nemendur að skilja veruleikann og umhverfið.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">Vinna með líkamann á skapandi hátt, hópvinna, paravinna, einstaklingsvinna.



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Fordómar og þröngsýni – ræðum og lærum um fordóma og þröngsýni Nærsamfélagið – hvernig voru sveitastörf á árum áður?	Fordómar og þröngsýni Nærsamfélagið: Efni frá kennara og efni af netinu.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• geri sér grein fyrir orsökum og afleiðingum særandi orða• átti sig á að allir hafa mismunandi bakgrunn og reynslu• kynnist nærsamfélagi sínu• kynnist bústörfum nærsamfélagsins.	Umsagnir og sjálfsmat nemenda

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lykilhæfni metin reglulega yfir veturinn.



Náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 2

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Ýmist unnið sem stutt verkefni, samþætting við aðrar námsgreinar eða þemaverkefni.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrufræði

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Vatnið, hreyfing, útivera.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Allir nemendur hafa sama rétt til náms.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur læra að taka tillit til annarra í umhverfinu.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur læra að lesa í umhverfi sitt.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur læra að umgangast náttúruna, læra á nýtingu hennar og náttúrvernd .
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Verkefni unnin með sköpun að leiðarljósi.

*Áætlun*

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Íslensku spendýrin. Fuglar í nærumhverfinu.	Hani, krummi, hundur, svín, Fuglarnir okkar, Komdu og skoðaðu bækurnar, vettvangsathuganir, upplifun, leikur og umræður. Fræðibækur og verkefni af vef.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru, nánasta umhverfi og heimabyggðþekki, læri um og vinni með algengustu spendýr á Íslandiað nemendur þekki, læri um og vinni með helstu fugla í Mývatnssveit.	Símat

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lykilhæfnin metin reglulega yfir veturinn



Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Kennari: Arnheiður Rán Almarsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Kenndar eru 2 kennslustundir á viku, hálfan veturinn. Nemendur vinna ýmist einir eða í hópum.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í heimilisfræði

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að allir eru jafnir óháðir kyni, menningu, fötlun, aldri og líkamsbyggingu.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Mikið er lagt upp úr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum eldhússins. Þegar skipt er í hópa, skal alltaf gæta jafnræðis
Læsi	<ul style="list-style-type: none">• Hluti læsis er hlustun og lestur á námsefni og umhverfi.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none">• Læra nýtni og fara vel með hráefni og hluti.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• Sköpunarþörf nemenda fær að njóta sín.



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Nemendur fá verkefni við sitt hæfi.	Heimilsfræði 3 og ýmis ljósrituð verkefni. Upplifun, leikur og umræður.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• læri að fara eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengt eldhússtörfum• læri heiti helstu eldhúsáhalda• geti með aðstoð útbúið einfaldar og hollar máltíðir.	Kennari gefur nemendum vitnisburð fyrir mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni).

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lykilhæfnin metin reglulega yfir veturinn.



Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 2

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Nemendum 4. bekkjar er kennd myndmennt með 3. bekk aðra önn á vetri. Nemendur vinna ýmist einir eða í hópum.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í myndmennt

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á rétta líkamsstöðu við vinnu og að allir umgangist áhöld og efni sem unnið er með af varúð.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Allir fá sömu aðstöðu og hafa sama valmöguleika á efnivið óháð kyni.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur hjálpast að við frágang í stofu.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur þjálfist í að fara eftir einföldum vinnuleiðbeiningum í máli og myndum. Einnig læra nemendur hugtök sem tengjst sjónlistum.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur vinna með verðlaust efni og endurhanna eða skapa eitthvað nýtt.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur hvattir til að útfæra og skapa eftir eigin hugmyndum.

*Áætlun*

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Listir og sköpun er svo stór hluti af daglegu lífi okkar að oft á tíðum erum við ekki meðvituð um tilvist þeirra og áhrif. Mikil áhersla lögð á eigin sköpun og sjálfstæði.	Dæmi: Heitir og kaldir litir, blöndun lita, forgrunnur, bakgrunnur. Að horfa á umhverfið, myndlist og hönnun, skoða liti, form og viðfangsefni. Unnið út frá kveikjum, með hugmyndir, saman og sjálfstætt. Unnið með ólíka miðla.	Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">• unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar• gengið frá eftir vinnu sína• unnið einföld verkefni í hóp• lagt mat á eigin verk• tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur• gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt• unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki• unnið út frá kveikju við eigin listsköpun• tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.	Símat í tímum og sjálfsmat í lok annar.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lykilhæfnin metin reglulega yfir veturinn.



Textílmennt

Tímafjöldi á viku: 2

Kennari: Hjördís Albertsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Kenndar eru 2 kennslustundir á viku aðra önnina. Lögð verður áhersla á útsaum, vélsaum og vefnað.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í textílmennt

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að handverk er fyrir alla.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendum kennt að nýta og fara vel með efnið sem þeir vinna með. Nýta afgangsefni þar sem það er hægt.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Sköpunargáfa nemenda fær að njóta sín. Nemendur skapa hluti sem eru þeirra eigin og enginn á alveg eins.



Áætlun

<i>Viðfangsefni og námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Vélsaumur, útsaumur og vefnaður.	Notaðar einfaldar aðferðir greinarinnar og viðeigandi áhöldum beitt. Unnið úr nokkrum gerðum textílefna. Textílvinnna skreytt á einfaldan hátt. Gengið frá eftir vinnu sína.	Lykilhæfnipættir eru metnir jafnt og þétt. Lokamat byggist á símati.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Þátttaka nemanda og verkefni þeirra metin.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Símat, virkni í tímum.
-



Smíðar

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Kennari: Eydís Kristjánsdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag

Kennsla í smíðum og hönnun. Undirbúningur verkferla og úrvinnslu og verklegar æfingar í verkfærabeitingu. Nemendur prófa og kynnast helstu verkfærum til að smíða.

Samkenntla er í 3. og 4. bekk og byrja nemendur með verkefni fyrir sinn árgang en síðan fá þeir að búa til sínar hugmyndir eða verkefni sem þeir velja hver fyrir sig.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

- Að kynnast smíðastofunni betur og helstu eiginleikum hennar.
- Að kynnast helstu smíðaverkfærum og fá að prófa þau.
- Að virkja sköpunarþörf sína og koma hugmyndum sínum í sýnilegt form með eigin aðferðum.
- Að njóta leikgleðinnar og miðla hugmyndum sínum með öðrum og ræða þær.
- Að fá að sýna öðrum hæfni sína til smíða og sköpunar.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í smíðum

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á rétta líkamsstöðu og að kynnast verkfærum smíðastofunnar, réttri beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verkfærunum séu þau ekki notuð rétt.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Allir fá sömu tækifæri, sömu aðstöðu og geta valið samskonar efni.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Hver og einn fær að stjórna sínu verkefni og ræða það við alla sem vilja heyra.



Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Að lesa eiginleika mismunandi efna og skynja áhrif þess að beita verkfærum á þau. Einnig að læra að þekkja hvaða verkfæri eigi að nota hverju sinni. Læra að þekkja nöfn verkfæranna og hvernig nafnið tengist vinnslu verkfærisins.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Læra að nýta efni og notast við afganga sem falla til.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur smíða og skapa sína smíðagripni eins og þeir sjá hann fyrir sér.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Verkfæranotkun og sköpun.	Möguleikar smíðastofunnar og helstu verkfæra. Útfærsla eigin hugmynda. Samræður.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• verði færir um að nota möguleika smíðastofunnar og helstu verkfæri hennar• geti útfært eigin hugmyndir• geti átt samræður um verk sín við kennara og samnemendur.	Afurð metin að smíði lokinni miðað við atgervi nemenda. Áhugi og hæfni nemenda, verklag og samskiptahæfni.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð, frumkvæði, áræðni og þrautseigja; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Ástundun og virkni nemenda í tímum. Metið í lok annar.



Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 4

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, leikir, leikfimi, knattleikir og helstu íþróttagreinar.

Leiðir: Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskapættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líkamsbyggingu.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Þeim er boðið upp á fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Mikið er lagt upp úr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gæta jafnræðis.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður

*Áætlun*

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Grunnþjálfun, leikir, tækni, þol og styrkur. Undirstöðutatriði í helstu íþróttagreinum oft með leikrænum hætti.	Útiþróttir - göngur/hlaup, leikir og þrautir. Inniþróttir - áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu íþróttagreinar.	Markmiðið er að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til heilbrigðrar hreyfingar og hollra lífshátta. Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">• gert æfingar sem reyna á þol, stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi• sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu• sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum• tekið þátt í stöðluðum prófum• unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum• skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum• gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund, einkastöðum líkamans og útskýrt líkamlegan mun á kynjum• gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum• tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum• sett sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt.	Er byggt á virkni nemenda og framförum. Gerð er könnun í ýmsum þrautum og æfingum.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Ástundun og virkni í tímum auk færni. Metið í lok haustannar og að vori.



Sund

Tímafjöldi á viku: Námskeið á hausti og vori

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin sundkennsla, reglur, leikir, allar sundaðferðir sem miðast við sundstigið hverju sinni.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

- Að kenna nemendum grunntækni sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í sund
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska
- Að ljúka 4. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líkamsbyggingu.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Mikið er lagt upp úr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda



	og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gæta jafnræðis.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Líkamstjáning í vatni.

Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Leikur í vatni, bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksundsfótatök, flugsundsfótatök, köfun. Byrjun á stungu.	4. sundstig <ul style="list-style-type: none">○ 25 m bringusund○ 15 m skólabaksund○ 12 m skriðsund með eða án hjálpartækja○ 12 m baksund með eða án hjálpartækja○ Flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja○ Stunga úr kropstöðu af bakka eða stiga.	Helstu markmið með sundstigum eru að <ul style="list-style-type: none">• nemendur fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum• nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt• veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs• sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.	Kennari gefur nemendum vitnisburð fyrir: A - sundgetu á prófi B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Jákvætt hugarfar og samvinnu við kennara og samnemendur.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni á meðan sundkennsla stendur .



Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: 1

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Að nemendur læri hvernig eigi að umgangast tölvur, læri að skrá sig inn með notandanafni og lykilorði. Að nemendur tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart tölvum og verði óhræddir við að þreifa sig áfram. Að nemendur þjálfist í fingrasetningu og skrifi einfalda texta í forritinu Word. Jafnframt að nemendur þekki muninn á kennsluforriti og tölvuleik. Aðal námsefnið eru verkefni í forritinu Word fyrir krakka og námsleikir á vef Námsgagnastofnunarinnar, www.nams.is.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í upplýsingatækni

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Líkamsstaða og líkamsbeiting.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur vinna eftir sínum forsendum/á sínum hraða.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur læra að lesa í verkefnin til að sjá hvað þau eiga að gera næst.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur læra að nota tölvu sér til gagns og gamans.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Teikna mynd í forritinu paint og segja söguna á bakvið myndina.



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Fingrasetning, skrift og grunnforritun.	Verkefni í forritinu Word, námsleikir á www.nams.is	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• geti kveikt á tölvu án aðstoðar og viti hvernig eigi að umgangast þær• hafi náð grunnfærni í fingrasetningu og kunni á lyklaborðið• læri á forritið Word	Ástundun í tímum og framfarir metnar yfir önnina.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.
- ✓ Tímaverkefni og ástundun í tímum er metin til umsagnar.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Umsögn í lok haustannar og í lok vorannar.



Lífsleikni

Tímafjöldi á viku: 1

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Í lífsleikni munum við vinna með námsefnið Ég er bara ég. Einnig verða haldnir bekkjarfundir nokkuð reglulega, þar sem rædd eru hin ýmsu mál, bæði frá kennara og nemendum.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í lífsleikni

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Nauðsynlegt er fyrir nemendur að þekkja líkamlega þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti og leitist við að koma til móts við hana.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Ekki eru allir eins en þó eru allir jafnir og þurfa nemendur að læra að bera virðingu fyrir sérstöðu annarra.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Að nemendur þekki og átti sig á gildi þessara hugtaka. Á bekkjarfundum munu þessi hugtök skipa stóran sess.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Nauðsynlegt er fyrir nemendur að geta lesið umhverfi sitt, áttað sig á þeim áreitum sem geta haft áhrif á líf þeirra og geri sér grein fyrir slysagildrum í því.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur takast á við ýmis álitamál í umræðum á bekkjarfundum.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Lögð áhersla á að nemendur sýni frumkvæði og sköpun í vinnubrögðum.



Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
	Ég er bara ég og efni frá kennara. Bekkjarfundir. Jákvæður agi.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• geti greint og lýst ýmsum tilfinningum t.d. hamingju, gleði, sorg og reiði• geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem geta haft áhrif á líf þeirra• virði og átti sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum• þekki hugtökin jafnrétti og lýðræði• geti tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar sínar• hafi lært leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur m.a. í sér<ul style="list-style-type: none">○ færni í samvinnu○ að sýna tillitssemi○ að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum○ að setja sig í spor annarra○ að hlusta á aðra og sýna kurteisi○ að hafa áræði til að spyrja gagnrýninnna spurninga○ að sýna frumkvæði og sköpun í vinnubrögðum• þekki líkamlega þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti og leitist við að koma til móts við hana• geri sér grein fyrir að ekki eru allir eins og beri virðingu fyrir sérstöðu annarra• geri sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu sinni innan þeirra.	Umsagnir.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Umsagnir.